

Listaháskóli Íslands

Erasmus stúdenta- og starfsmannaskipti



Höfundur myndverks: Elin Elisabet Einarsdóttir



Erasmus+
www.erasmusplus.is

Skiptinám er ævintýri

Ár hvert fara um 50 til 70 nemendur í skiptinám eða starfsnám frá Listaháskólanum og var árið í ár engin undantekning. Skipti- og starfsnám er kynnt markvisst í öllum námsdeildum, starfsnám í Evrópu yfir sumarmánuðina er metið til eininga, auk þess sem á samtímadansbraut skólans er 30 eininga skipti- eða starfsnámsskylda á þriðja ári. Alma Ragnarsdóttir, verkefnastjóri, segir að einnig njóti starfsnám eftir útskrift vaxandi vinsælda og að búist sé við því að fjöldi þeirra sem nýti sér þann kost tvöfaldist í ár.

„Starfsfólk Listaháskólans hefur einnig í síauknum mæli nýtt sér Erasmus+ styrki til að fara í starfsmanna- og kennaraskipti til Evrópu,“ segir Alma. „Fjöldi þeirra sem fer í slíkar ferðir hefur tvöfaldast á síðastliðnum tveimur árum. Líkt og nemendum gefst þessum hópi tækifæri til að deila reynslu sinni með samstarfsfólki á vettvangi deildarráðsfunda eða sem hluta af fræðslu á starfsdögum. Miðlun reynslu hefur reynst starfsfólki af öllum sviðum hvatning til að sækja um styrki.“

Alma segir námsdöl erlendis vera ómetanlega reynslu sem feli í sér verðmæti bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Segir hún skiptinám auka víðsýni nemenda og umburðarlyndi og dýpka sýn þeirra á námið. Starfsnám með hönnuðum og listamönnum á erlendri grundu veiti síðan einstakt tækifæri til tengslamyndunar.

„Þá ber að geta þess að tækifæri Erasmus+ eru einkar mikilvæg okkur Íslendingum sem búum í fámennu og fremur einsleitu samfélagi,“ segir Alma. „Listaháskólinn er eina háskólastofnunin hér á landi á fagsviði hönnunar og lista. Þátttaka skólans í Erasmus+ menntaáætluninni er því afar mikilvægur þáttur í þróun náms og kennslu.“

Alma segir alþjóðaskrifstofu Listaháskólans leggja áherslu á að veita nemendum og starfsfólki góða þjónustu og stuðning til að skipuleggja þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Auk þeirra sem fari utan, streymi fjöldinn allur af nemendum og kennurum inn til skólans ár hvert, þar af stór hluti fyrir tilstuðlan Erasmus+ samstarfssamninga.

„Þátttaka Listaháskólans í Erasmus+ menntaáætluninni veitir nemendum aðgang að fremstu háskólastofnunum Evrópu í hönnun og listum. Veglegur ferða- og upphaldsstyrkur Erasmus+ tryggir jafnframt jöfn tækifæri til námsdvalar erlendis,“ segir Alma. „Skiptinám er ævintýri og tækifæri sem enginn ætti að missa af á skólagöngu sinni.“



Tækifæri Erasmus+ eru einkar mikilvæg okkur Íslendingum sem búum í fámennu og fremur einsleitu samfélagi